

Borgarstjórn Reykjavíkur

17. mars 2015

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upplýsingaskilti fyrir bílastæðahús:

Í þeim tilgangi að nýta betur bílastæðahús borgarinnar og auka þjónustu við akandi vegfarendur er lagt til að rafrænum upplýsingaskiltum verði komið upp við helstu umferðaræðar sem liggja að miðborg Reykjavíkur. Á skiltunum geti ökumenn séð hversu mörg laus stæði er að finna í bílastæðahúsum á miðborgarsvæðinu. Með því móti minnkar óþarfa hringsól í leit að bílastæðum sem mun svo draga úr neikvæðum áhrifum þéttar bílumferðar á loftgæði.

Greinargerð:

Rauntímaupplýsingar um laus stæði eru birtar á heimasíðu bílastæðasjóðs en þær geta ökumenn augljóslega ekki nálgast í akstri. Nú eru rúmlega 1.140 stæði í 7 bílastæðahúsum borgarinnar en um 540 stæði eru í bílastæðakjallara Hörpu. Lagt er til að leitað verði eftir samstarfi við rekstraraðila þeirra bílastæða við að koma upp upplýsingaskiltum um laus stæði. Undirbúa skal einnig að slíkar upplýsingar verði aðgengilegar í framtíðinni í leiðsögutækjum bíla. Auk þess sem bílastæðum í miðborginni hefur verið fækkað á undanförunum árum munu innan skamms um 200 almenn bílastæði á milli Geirsgötu og Tryggvagötu verða lögð niður. Það er því æskilegt að ökumenn fái raunupplýsingar um það hvar bílastæði er að finna en umhverfissjónarmið mæla einnig sterklega með því að þessu verkefni verði hrint í framkvæmd sem fyrst.